105 um. Sá póstur fer frá Vopnafirði sama dag og hinn pósturinn á að fara frá Grenjaðarstað og kemur við á *Sauðanesi* og *Svalbarði*. Þegar báðir þessir póstar eru komnir til Raufarhafnar, snúa þeir aptur sömu leið til Grenjaðarstaðar og Vopnafjarðar, og má Seyðisfjarðarpósturinn eigi fara frá Grenjaðarstað í leiðinni til Akureyrar, fyrr en annar þeirra er kominn aptur að Grenjaðarstað. Þriðji pósturinn fer frá Akureyri, þegar eptir komu norðanpóstssins þangað, austan Eyjafjarðar út í Höfðahverfi að *Grýtubakka*, og snýr þaðan aptur eptir 6 tíma dvöl til Akureyrar.

14. MÚLASÝSLUPÓSTARNIR eru þrír:
   a) Hinn fyrsti fer frá *Höfða* í Vallahreppi, undir eins og aðalpósturinn er kominn þangað frá Akureyri, um *Bót* og *Hrafnabjörg* til *Vopnafjarðar* og snýr aptur þaðan eptir sólahrings dvöl, sömu leið að Höfða.
   b) Annar fer frá *Höfða* að *Hjaltastað* í Hjaltastaðaþinghá eptir komu aðalpóstsins að Höfða og snýr aptur sömu leið, eptir 6 tíma dvöl á Hjaltastað.
   c) Hinn þriðji fer frá Eskifirði þegar eptir komu póstsins þangað frá Bjarnanesi, um *Kolfreyjustað* að *Stöð* í Stöðvarfirði, og snýr aptur sömu leið eptir 6 tíma dvöl. Þessi póstur má stytta sjer leið með sjóvegsflutningi yfir Reyðarfjörð og Fáskrúðsfjörð, ef veður leyfir.

15. VESTMANNAEYJAPÓSTURINN fer frá *Odda* að *Ljótarstöðum*, daginn eptir komu austanpóstsins frá Reykjavík, og snýr þegar aptur að Odda. Þegar pósttaskan kemur frá Vestmannaeyjum að Ljótarstöðum, skal henni komið svo snemma að Odda, að hún komist á austanpóstinn, á leið hans til Reykjavíkur.

16. ÁRNESSÝSLUPÓSTARNIR eru þrír, og fara þeir allir á stað frá *Hraungerði* svo fljótt sem unnt er, eptir komu austanpóstsins frá Reykjavík.
   a) Einn þeirra fer um *Ólafsvelli* að *Reykjum* á Skeiðum.
   b) annar að *Búrfelli* í Grímsnesi, og snúa báðir þessir póstar þegar aptur að Hraungerði.
   c) Þriðji pósturinn fer ofan á *Eyrarbakka*, og snýr þaðan aptur morguninn eptir að Hraungerði.

Reykjavík, 16. ágúst 1891.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

106 **Skýrsla**

um aðalfund amtsráðsins í norður- og austuramtinu 3.—6. júní 1891.

Árið 1891, 3. d. júnímán. var aðalfundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu settur á Akureyri og haldinn af amtmanni J. Havsteen, forseta amtsráðsins, og amtsráðsmönnum, Einari Ásmundssyni í Nesi og Ólafi Briem á Álfgeirsvöllum.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Framlagðir voru eptirfylgjandi reikningar yfir tekjur og gjöld ýmsra sjóða 1890, sem standa undir stjórn og umsjón amtsráðsins.
   a. Búnaðarsjóðs norður- og austuramtsins,
   b. Búnaðarskólasjóðs norður- og austuramtsins,
   c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað,
   d. Gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar til fátækra í Vopnafirði,
   e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar til fátækra í Vallanessókn,

f. Prentsmiðjusjóðs norður- og austuramtsins. Amtsráðið endurskoðaði þessa reikninga og gat ekkert að þeim fundið. 106

2. Framlagður var reikningur jafnaðarsjóðsins fyrir 1890, og samþykkti amtsráðið hann.
3. Framlögð var skýrsla frá sjera O. V. Gíslasyni viðvíkjandi ferð hans um amtið í fyrrasumar, og bónarbrjef um styrk af jafnaðarsjóði, til þess að ferðast um amtið í sumar, til fundarhalda við bjargráðanefndir og framkvæmda í bjargráðamálum. Amtsráðið veitti sjera O. V. Gíslasyni 100 kr. styrk til ferðar þessarar og í viðurkenningarskyni fyrir góðar framkvæmdir hans í umræddu máli.
4. Amtsráðið veitti kvennaskólanum á Laugalandi 300 kr. styrk af jafnaðarsjóði, og voru framlagðar skýrslur frá skólanum fyrir 1890—91 og endurrit af síðasta reikningi hans.
5. Kvennaskólanum á Ytriey var veittur 300 kr. styrkur af jafnaðarsjóði, með því skilyrði að skýrslur frá skólanum fyrir 1890—91 og endurrit af síðasta reikningi hans yrði sent forseta amtsráðsins.

   Frumvarp til skipulagsskrár fyrir kvennaskólann á Ytriey, sem sýslunefndin í Húnavatnssýslu hafði samið og sent amtsráðinu til staðfestingar, ályktaði ráðið að senda fyrst sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu til íhugunar, þar sem þetta mál nær eigi síður til Skagafjarðarsýslu en Húnavatnssýslu.
6. Framlagður var reikningur amtsbókasafnsins fyrir 1890; fannst ekkert við hann að athuga. Amtsráðið veitti safninu 200 kr. styrk af jafnaðarsjóði. Ályktað var að gefa út bókaskrárviðauka á þessu ári. Ennfremur var ályktað að amtsbúar aðrir en þeir, sem heima eiga á Akureyri, skyldu frá nýári 1882 lausir við að greiða 2 kr. árstillag það sem hingað til hefur áskilið verið fyrir notkun safnsins.
7. Forseti lagði fram brjef umboðsmanns Þingeyraklausturs, 29. oktbr. 1890, og þar með fylgjandi erindi frá Grími bónda Jónssyni á Gestafelli, þar sem hann fyrir hönd móður sinnar Agnar Guðmundsdóttur og systur sinnar ekkjunnar Auðbjargar Jónsdóttur og svo í eigin nafni sækir um 1000 kr. verðlaun fyrir æðarvarpsrækt og miklar jarðabætur, sem faðir hans Jón heitinn Árnason gerði á ábúðarjörð sinni Illugastöðum í Kirkjuhvammshrepp, sem liggur undir Þingeyrarklaustursumboð, ef amtsráðið vildi veita ekkjunni Ögn Guðmundsdóttur einhver verðlaun úr búnaðarsjóði, en ráðið sá sjer það eigi fært. Áður hafði forseti sent landshöfðingja umrætt bónarbrjef og mælt með að Ögn Guðmundsdóttur yrði veittur einhver styrkur úr umboðssjóði ef hægt væri, en landshöfðingi hafði álitið heimild skorta til þess. Eptir framkominni beiðni veitti amtsráðið búnaðarskólanum á Hólum 200 kr. af búnaðarsjóði.
8. Forseti skýrði frá, að sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hefði kosið að vera með hinu fyrirhugaða austuramti, sbr. lög 11. júlí 1890, um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, og frá tillögum sínum við landshöfðingja um það, hvernig skipta skyldi sjóðum, eignum og skuldum hins núverandi norður- og austuramts milli hinna nýju amta, og þar sem byggt var á því, að hin nýja amtsráðsskipun kæmist á 1. jan. 1892, voru ræddar og samþykktar á-

106 ætlanir um tekjur og gjöld hvors hinna nýju amta út af fyrir sig á árinu 1892, og eru þær á þessa leið:

Áætlun
um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs norðuramtsins 1892.

Tekjur:	Kr. a.	Kr. a.
1. Eptirstöðvar frá 1891	1000 00	
2. Jafnaðarsjóðsgjald	1900 00	2900 00
Gjöld:		
1. Amtsráðið	500 00	
2. Sáttamál	50 00	
3. Heilbrigðismál	300 00	
4. Menntamál	800 00	
5. Heyrnar- og málleysingja	380 00	
6. Uppí 5. afborgun Skjálfandafljótsbrúarlánsins	237 00	
7. Óviss útgjöld	633 00	2900 00

Áætlun
um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs austuramtsins 1892.

Tekjur:	Kr. a.	Kr. a.
1. Eptirstöðvar frá 1891	500 00	
2. Jafnaðarsjóðsgjald	1500 00	2000 00
Gjöld:		
1. Amtsráðið	600 00	
2. Sáttamál	30 00	
3. Heilbrigðismál	150 00	
4. Menntamál	200 00	
5. Heyrnar- og málleysingjar	280 00	
6. Uppí 5. afborgun Skjálfandafljótsbrúarlánsins	163 00	
7. Óviss útgjöld	577 00	2000 00

9. Forseti skýrði frá hvernig kosningar í hin nýju amtsráð hefðu fallið.

Með því sjera Ólafur Petersen á Svalbarði, sem er kosinn amtsráðsmaður fyrir Norður-Þingeyjarsýslu, er eigi nema 25 ára að aldri, eptir embættismannatali því, sem prentað er í C. deild Stjtíð. 1890, og 26 ára eptir skýrslu þeirri um verkfæra karlmenn í Svalbarðshrepp, sem fylgir sýsluvegasjóðsreikningnum fyrir 1890, sem sýslunefndin hafði þá fyrir sjer, sbr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, 45. gr., stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. jan. 1874, 18. gr. 3. og lög 14. septbr. 1877, um kosningar til alþingis 6. gr. 3. (sbr. brjef landshöfðingja, 5. júní 1884, Stjtíð. 1884, B, bls. 114 - 115) felldi amtsráðið þessa kosningu úr gildi og skoraði á sýslunefndina í Norður-Þingeyjarsýslu, að kjósa fyrir árslok annan mann í amtsráðið með hliðsjón af þeim lagareglum, sem gilda um kjörgengi til amtsráðsins.

Framh.

Skýrsla 106

um aðalfund amtsráðsins í norður- og austuramtinu 3.—6. júní 1891. (Framh.)

Að öðruleyti voru kosningar sýslunefndarinnar í amtsráðinu teknar gildar, en tjeðar kosningar fjellu á þessa leið:

Norðuramtið.

Sýslur:	Fulltrúar:	Varafulltrúar:
Húnavatns:	Benedikt Blöndal, Hvammi	Pjetur Pjetursson á Gunnsteinsstöðum.
Skagafjarðar:	Ólafur Briem, Álfgeirsvöllum.	Einar B. Guðmundsson, Hraunum.
Eyjafjarðar:	Magnús Sigurðsson, Grund.	Prof. Davíð Guðmundsson, Hofi.
Suður-Þingeyj.:	Einar Ásmundsson, Nesi.	Prof. Árni Jónsson, Skútustöðum.

Austuramtið.

Norð.-Þingeyj.:		Árni Árnason, Höskuldarnesi.
Norður-Múla:	Sjera Einar Jónss., Kirkjubæ.	Halldór Gunnlögsson, Vestdalseyri.
Suður-Múla:	Sigurður Einarsson, Hafursá.	Friðrik Möller, Eskifirði.

10. Forseti skýrði frá, að hann samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 16.—18. júní f. á. hefði leitt athygli sýslumanna og sýslunefnda að lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda og skorað á þá, að senda hingað reglugjörðir þær, sem sýslunefndirnar hefðu útgefið, um eyðing refa, fjallskil og fjárheimtur, til staðfestingar og löggildingar á næsta aðalfundi amtráðsins.

Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hafði síðan samið og sent frumvarp, sem framlagt var, til reglugjörðar um fjallskil og melrakkaveiðar, og staðfesti amtsráðið frumvarpið þannig að það kæmi í gildi 1. jan. 1892. Hinar aðrar sýslunefndir í amtinu hafa lýst því yfir, að þær hefði eigi getað útkljáð þetta mál að þessu sinni.

11. Framlagt var erindi nokkurt frá hreppsnefndinni í Torfalækjahrepp innan Húnavatnssýslu, 12. desbr. f. á. þar sem hún skýtur til amtsins úrskurði sýslunefndarinnar 3. marz f. á., sem ákveður að nefndur hreppur skyldi borga 35 kr. 75 aur. fyrir eptirleit haustið 1889. Amtsráðið áleit, að sýslunefndin hefði eigi með tjeðum úrskurði farið fram yfir vald sitt, og fann eigi ástæðu til að fella hann úr gildi.

12. Forseti lagði fram erindi frá hreppsnefndinni í Vindhælishrepp, þar sem hún fer þess á leit, að felld verði úr gildi ályktun eða reglugjörð sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu á fundi hennar 3.—8. marz f. á. um gangnatilhögun og sauðfjárrjettaskipun í Vindhælishrepp og fleiri hreppum, að því er snertir rjettaskipun og gangnatilhögun í Vindhælishrepp, og að það sje látið á valdi hreppsnefndarinnar, að svo miklu leyti, sem það ekki kemur í bága við sampykktir og samkomulag hreppsnefndanna í Vindhælis- og Engihlíðarhreppum, er hafi verið eða síðar kunni að komast á. Ennfremur var framlagt álit sýslunefndarinnar um þetta mál.

Amtsráðið, sem er þeirrar skoðunar, að heppilegast og rjettast sje, að sýslunefndir, sem hljóta að vera kunnugastar hvernig tilhagar í hjeraðinu, yfir höfuð geri endilega út um gangna- og fjallskilamál, ályktaði að hin umrædda reglugjörð eða ályktun sýslunefndarinnar skyldi standa óhögguð.

Til samlags við áðurgreint mál var framlagt annað erindi frá hreppsnefndinni í Vindhælishrepp, þar sem hún áfrýar til ráðsins úrskurði sýslunefndarinnar í Húna-

2. dag septembermán. 1891.

Reykjavík. Prentsmiðja Ísafoldar 1891.

106 vatnssýslu, 3. febr. 1891, þar sem ákveðið er að hreppsnefndin skuli greiða 10 kr. sekt fyrir brot gegn fyrnefndri ályktun sýslunefndarinnar 3. marz f. á. og reglugjörð hennar um gangnatilhögun og sauðfjárrjettaskipun í Vindhælishrepp, sem eigi nefnir sektir á nafn, en brotið virðist fólgið í því, að Skrapatungurjett hafi eigi verið „*nefnd*“ sem skilarjett. Krefst hreppsnefndin þess, að þessi sektarúrskurður verði felldur úr gildi, en til vara að hreppsnefndinni í Vindhælishrepp gefist kostur á að kynna sjer kæruskjal hreppsnefndaroddvitans í Engihlíðarhrepp 3. desbr. f. á., sem gaf tilefni til þess að hreppsnefndin í Vindhælishrepp var sektuð eins og sagt var. Amtsráðið ályktaði út af þessu, að sýslumaður skyldi gefa hreppsnefndinni færi á að láta til umsögn sína um nefnt kæruskjal hreppsnefndaroddvitans í Engihlíðarhrepp, og senda umsagnarskjalið til forseta amtsráðsins með áliti sýslunefndarinnar.

13. Amtsráðið tók aptur til umræðu erindi hreppsnefndarinnar í Engihlíðarhrepp innan Húnavatnssýslu, 20. marz f. á., sbr. skýrslu um fund amtráðsins 16.- 18. júní 1890 (Stjtíð. 1890, B, bls. 115–116) þar sem hreppsnefndin áfrýjar til amtráðsins úrskurði sýslunefndarinnar 28. febr. 1887, sem ákveður að fyrnefndur hreppur skuli leggja 3 menn til gangnaskila á Eyvindarstaðaheiði, og var nú framlögð umsögn hreppsnefndarinnar í Bólstaðarhlíðarhrepp um málið, sem æskt hafði verið eftir, og brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu og heimtuð skýrsla hans um fyrtjeðan úrskurð sýslunefndarinnar í samanburði við úrskurð sýslunefndarinnar 29. jan. 1879, sem ákvað að 4 fremstu bæirnir í Engihlíðarhrepp skyldu vera lausir við að gera fjallskil á Eyvindarstaðaheiði, en til slíkra fjallskila hafði sýslunefndin til bráðabirgða, með úrskurði 6. júní 1877, skyldað 4 fremstu bæina í Engilhlíðarhrepp.

Amtsráðið ályktaði að standa skyldi við fyrnefndan úrskurð sýslunefndarinnar 29. jan. 1879, en úrskurður hennar 28. febr. 1887, felldur úr gildi, enda varð eigi sjeð af hverjum ástæðum sýslunefndin hafði breytt úrskurði sínum 29. jan. 1879, 8 árum síðar, og svo er eigi tekið neitt fram um umrædda skyldu Engihlíðarhreppsmanna í reglugjörð eða ályktun sýslunefndarinnar 3. marz f. á., um gangnareglutilhögun og sauðfjárrjettarskipun í nefndum hrepp.

14. Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu 21. marz þ. á. þar sem hann eftir ályktun sýslunefndarinnar leitar samþykkis amtsráðsins til þess, að leggja megi árlega fyrst um sinn 50 kr. úr sýslusjóði til búnaðarsjóðs fyrir Eyjafjarðarsýslu, sem landshöfðingi hefir með brjefi 18. apríl þ. á. veitt leyfi til að stofnaður yrði af þeim 600 kr., sem sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu átti innistandandi í búnaðskólanum á Hólum (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 16.—18. júní 1890, Stjtíð. B, bls. 110), og af 18 kr. 50 a. sem standa inni í sýslusjóði ónotaðar af landssjóðsstyrk þeim til eflingar búnaði, sem sýslunni hafði verið veittur 1886 og 1888, en vöxtunum af sjóðnum skal varið til verðlauna fyrir jarðabætur, sem lúta að grasrækt, einkum handa fátækum framtaksmönnum.

Með því amtsráðið varð að álíta, að slíkur sjóður mundi verða til gagns, samþykkti það, að áðurnefnd fjárgreiðsla úr sýslusjóði mætti eiga sjer stað fyrst um sinn, og setti þær reglur viðvíkjandi sjóðnum, að hann skyldi tryggður með fasteignarveði, sem væri fullnægjandi, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um útlán á

fje ómyndugra, og að árlegan reikning skyldi gera yfir tekjur og gjöld hans, er 106
yrði úrskurðaður af amtsráðinu.

15. Kom fram skýrsla um það, að Jón Borgfirðingur í Reykjavík vildi etpirláta amtsbókasafninu á Akureyri bókasafn sitt, gegn því að hann fengi uppeldi sitt í elli sinni svo sem 350 kr. tillag á ári, en svo skyldi hann aftur verja kröftum sínum í þarfir bókasafnsins.

Sökum efnaleysis amtbókasafnsins gat amtsráðið eigi sinnt þessu, og var þeirrar skoðunar að rjettast mundi að bókasafn Jóns yrði sameinað við landbókasafnið eða skólabókasafnið í Reykjavík.

16. Forseti framlagði erindi frá Þórarni bónda Benjamínssyni á Efrihólum, dags. 13. maí 1890, sem barst amtinu 21. nóvbr. s. á., og þar sem hann ber sig upp undan því, að sjer hafi verið gerð of há útsvör til Prestshólahrepps 1888—89 og 1889—90, og að hreppsnefndaroddvitinn, verzlunarstjóri Jakob Gunnlögsson á Raufarhöfn, hafi án sinnar vitundar og vilja skifað út úr vezlunarreikningi sínum útsvarið fyrir 1888—89, en látið taka hjá sjer lögtaki útsvarið fyrir 1889—90 eftir því sem sýslunefndin hafði sett það niður á fundi sínum 7. og 8. maí 1890. Jafnframt var framlagt umsagnarskjal hreppsnefndarinnar ásamt tveimur fylgiskjölum og brjef sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, 23. marz þ. á., málinu viðvíkjandi.

Amtsráðið gat eigi eptir framkomnum málavöxtum sjeð að hreppsnefndin eða sýslunefndin hefði í þessu máli farið út fyrir vald sitt, og ályktaði að það gæti ekki sinnt þessari kæru Þórarins Benjamínssonar, sem stæði frítt fyrir að leita meints rjettar síns við dómstólana, ef hann þættist hafa orðið fyrir röngu hvað snerti lögtakið og útskriptina úr verzlunarreikningi hans.

17. Forseti lagði fram bænarskrá frá 39 búnaðarfjelögum í amtinu um styrk af því fje, sem ræðir um í 10. gr. C. 4. b. fjárlaganna fyrir 1890 og 1891 og sem landshöfðingi útbýtir, og skýrslur fjelaganna um hinar unnu jarðabætur á árinu 1890, sem komnar voru til amtráðsins frá sýslunefndunum, með tillögum þeirra, en amtsráðið byggði á því, að amtinu hlotnuðust allt að því 3200 kr. af fyrnefndri fjárveiting fyrir yfirstandandi ár, eins og í fyrra og eptir sama hlutfalli sem áður hefir átt sjer stað um samskonar fjárveitingar. Eptir hinum framkomnu skýrslum og tillögum sýslunefndanna gerði amtsráðið tillögur sínar um útbýting fyrnefndrar upphæðar.

18. Að gefnu tilefni frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu í brjefi 19. apríl 1890 ákvað amtsráðið að jarðabótastörf þau, sem talin eru í þeim skýrslum búnaðarfjelaga, er fylgja skulu bænarskrám þeirra um styrk af fjárveitingu úr landssjóði til eflingar búnaði, skyldu eptirleiðis metin til dagsverka eptir þeim reglum sem hjer koma:

10 □ faðma túnasljettun skyldi teljast 1 dagsverk,
300 ten.feta skurðagröftur skyldi teljast 1 dagsverk,
200 ten.feta stíflugarðahleðsla skyldi teljast 1 dagsverk
250 ten.feta vörzlu- og túngarðahleðsla skyldi teljast 1 dagsverk.

Ennfremur tók amtsráðið það fram, að aðrar jarðabætur en þær, sem lúta að grasrækt, gætu ekki komið til greina.

19. Forseti framlagði erindi nokkurt með fylgiskjölum frá hreppsnefndinni í Áshrepp,

106 þar sem hún skýtur til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar 6. febr. þ. á., er ákveður um útsvarskæru Jóns Jónssonar á Kornsá, sem hreppsnefndin hafði frávísað sem of seint framkominni, að hreppsnefndin skyldi úrskurða kæruna að efninu til, af því að það væri sannað, að hreppsnefndin hefði eigi kallað kæranda á fund áður en hún felldi frávísunarúrskurð sinn.

Amtsráðið var þeirrar skoðunar, að hreppsnefnd skyldi yfir höfuð ávallt kalla útsvarskæranda á fund, þótt nefndin áliti, að kæran væri of seint fram komin, og að nefndin mundi komast að þeirra niðurstöðu, að frávísa henni; samkvæmt þessu skyldi hreppsnefndin í Áshrepp taka málið fyrir aptur til meðferðar, hvort heldur til frávísunarúrskurðar eða úrskurðar að efninu til, eptir að hafa kallað kærandann á fund sinn:

20. Út af bænarskrá frá hreppsnefndinni í Helgastaðahrepp og tillögum sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu, gerði amtsráðið þá breytingu á skipun yfirsetukvennaumdæma í Þingeyjarsýslu, að 8. umdæmið skyldi ná yfir Þóroddsstaða og Nessókn að undanteknum Skógum í Reykjahverfi, sem fylgja 7. umdæminu (Húsavíkurhrepp og 9. umdæmið yfir Helgastaðaprestakall og Grenjaðarstaðarsókn að undanteknum þeim bæjum í sókninni, sem eru í Húsavíkurhrepp og sem eru þessir: Brekknakot, Reykir, Holtakot, Heiðarbót og Þverá.

21. Framlagt var erindi frá hreppsnefndinni í Akrahrepp innan Skagafjarðarsýslu, þar sem hún skýrir svo frá, að kosningar til hreppsnefndar þar í hrepp hafi í fyrsta skipti eigi framfarið fyr en 1875, þótt hvervetna annarstaðar hefði verið kosið 1874, eins og vera bar, og að hreppsnefndarkosningarnar þar í hrepp fari fram ári síðar en á að vera fyrir þessa sök. Óskar hreppsnefnin þess að lagfæring komist á þetta, en þar að lútandi málaleitun nefndarinnar hafði sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu, á fundi sínum 20.—22. febr. 1889, eigi viljað taka til greina. Áður amtsráðið gerði út um þetta mál ályktaði ráðið að leita um það umsagnar sýslunefndarinnar, sem eigi hafði á sínum tíma gefið ástæður fyrir neitun sinni gagnvart hreppsnefndinni.

22. Samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu samþykkti amtsráðið að vegurinn frá fjallveginum yfir Siglufjarðarskarð fram Austurfljót að sýslutakmörkum á Lágheiði skyldi tekinn upp í tölu sýsluvega.

Forseti skýrði frá, að sýslunefndirnar í Norður-Þingeyjarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu, sem hann með brjefi 24. maí 1890, þá er hann birti brjef landshöfðingja 8. s. m. um aðalpóstvegi, hafði skorað á að láta uppi tillögur sínar um sýsluvegi, hefðu eigi getað komizt að neinni niðurstöðu um þetta málefni á nýafstöðnum fundum sínum og ályktað að fresta því. Út af þessu vildi amtsráðið skora fastlega á nefndir þessar og skipa þeim að útkljá þetta mál á næstu fundum, og senda forseta ráðsins tillögur sínar um sýsluvegi um sýslurnar.

Forseti skýrði amtsráðinu frá vegabótum þeim og vegagjörðum, sem fram höfðu farið á aðalpóstleiðinni um amtið árið 1890, og eins þeim, sem ráðgert er, að framkvæmdar verði á yfirstandandi ári.

23. Amtsráðið hafði þegar á fundi sínum 16.—18. júní f. á. (Stjtíð. 1890, B. bls. 112) rætt álit ingeniörs A. Siwersons viðvíkjandi stefnu aðalpóstvegarins um eystri hluta Húnavatnssýslu frá Stóru-Giljá að Gili í Svartárdal, án þess að tillögur sýslunefndarinnar um álit þetta þá lægju fyrir, og meiri hluti þess þá kom-

ist að þeirri niðurstöðu, að fallast á álit ingeniörsins og þá tillögu hans, að veginn 106
skyldi leggja frá Stóru-Giljá að Reykjum á Reykjabraut, þá meðfram Svínavatni að austan og svokölluðum Múla að Tunguvaði og Löngumýrarferju við Blöndu og yfir Svartá í Svartárdal, en eigi fram hjá Tindum að Holtastaðaferju; nú hafði forseti amtráðsins meðtekið með brjefi sýslumannsins í Húnavatnssýslu 18. marz þ. á. tillögur sýslunefndarinnar um álit A. Siwersons, sem hún hafði látið uppi á fundi sínum 3.—7. febr. þ. á., og hefir nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að leggja skyldi veginn frá Stóru-Giljá ofan að Blönduósi, yfir Blöndu við Neðri-Klif þar sem gott er brúarstæði, og svo upp Langadalinn að Gili í Svartárdal. Þannig var þá vegastefnan frá Reykjum fram hjá Tindum og að Holtastaðaferju, sem amtsráð og sýslunefnd áður hafði aðhyllst, úr sögunni.

Með því nú forseta amtsráðsins eigi gat dulizt, að ástæður þær, sem sýslunefndin hafði tilfært skoðan sinni til stuðnings, hefðu mikið við að styðjast, enda hafði landshöfðingi á sínum tíma byggt á því, að álit sýslunefndarinnar um tillögur A. Siwersons væru fyrir hendi, þegar málið væri borið undir amtsráðið, hafði forseti afráðið að bera málið eins og það nú lá fyrir undir ráðið, sem tók það til yfirvegunar og ljet uppi svolátandi álit sitt um það.

Meiri hluti amtsráðsins getur eigi fallið frá því áliti, sem varð ofan á hjá því á fundi þess 16.—18. júní f. á. Brúin, sem gerð yrði yfir Blöndu á Svínavatnsveginum verður að vísu að áliti A. Siwersons 8700 kr. dýrari en brú skammt fyrir ofan Blönduós á Neðriklifum, en að hún verði mörgum 8000 kr. dýrari, eins og sýslunefndin heldur fram, vegna gífurlegs flutningskostnaðar á brúarefni upp að efra brúarstæðinu, getur meiri hlutinn naumast ætlað, því að A. Siwerson ætti að minnsta kosti að hafa tekið hæfilegt tillit til kostnaðaraukans við flutninginn. Þá er aðgætandi að vegalengdin frá Giljá um Blönduós að Gili er 37240 m. (rúm $4^1/_2$ míla), en meðfram Svínavatni að austan 26900 m. (um $3^1/_2$ míla) og þetta gerir töluverðan mun á kostnaðinum við vegagjörðina. A. Siwerson hefur enga áætlun gjört um kostnaðinn við Blönduósveginn, sem hann ef til vill hefur eigi hugsað sjer að gæti komið til greina, en að líkindum yrði sá vegur að minnsta kosti 16000 kr. dýrari en hinn vegurinn, þótt vegagerð sje hin hægasta milli Giljár og Blönduóss, því þá er eptir leiðin upp Langadalinn, og eru á þeirri leið Æsustaðaskriðurnar og aðrir örðugleikar við vegagjörð. Skriðurnar nefnir sýslunefndin ekki, og getur það komið upp á móti því, að A. Siwerson nefnir ekki Svartá, sem er farartálminn á Svínavatnsveginum. Kostnaðurinn við veginn meðfram Svínavatni og brúargjörð yfir Blöndu þar fremra verður eptir áætlun A. Siwersons alls 95000 kr., en vega- og brúargerð á Blönduósleiðinni yrði að minnsta kosti um 7300 kr. dýrari.

Á hinn bóginn skal það fúslega játað, að miðhluti sýslunnar hefði hið mesta gagn af því, að vegurinn yrði lagður um Blönduós, og yrði þá komizt hjá þeim kostnaði, sem lagning sýsluvegar um Langadalinn hefði í för með sjer, og er þess að gæta, að helmingur af hinu árlega sýsluvegagjaldi sýslunnar, sem ekki er mikið í sjálfu sjer, gengur til aðalpóstvega samkvæmt 3. gr. vegalaganna 10. nóvbr. 1887. Ennfremur kemur til skoðunar, að umferðin um efri leiðina er naumast svo mikil að hún geti rjettlætt dýra brúargerð.

Það sem í stuttu máli mælir með veginum meðfram Svínavatni er það, að hann

106 er langtum styttri en Blönduósvegurinn, og liggur beinna fyrir, sbr. grundvallarregluna í 2. gr. laga 10. nóvbr. 1887, um vegi, og *að* vegagerð og brúargerð á Svínavatnsveginum er ódýrari en vegagerð og brúargerð til samans á hinum veginum, enda hefir A. Siwerson skýrt svo frá, að til þess að nota Svínavatnsveginn fyrst um sinn þyrfti einungis að búa til akveg um mýrarflákann þar, sem er 11400 m. ($1^1/_2$ míla) á lengd, frá því lítið eitt fyrir austan Laxá fram hjá Svínavatnskirkju og Löngumýri, en sá vegur mundi kosta 32000 kr, og brúin ásamt með 3900 m. löngum vegakafla kosta 55000 kr., alls 87000 kr.

Það sem mælir á móti veginum er það, að fara þarf yfir Svartá, sem getur verið slæmur farartálmi.

Það sem mælir með Blönduósveginum er það, að hann liggur hentugt við fyrir allmarga sýslubúa, og svo er brúargerð ódýrari þar og hægri hvað flutning á brúarefni snertir en á fremri veginum.

Það sem mælir á móti er það, að þessi leið er krókur, og vegagerð dýrari en á hinum veginum meðfram Svínavatni, og að örðugleikar eru á því, að leggja veg um Æsustaðaskriðurnar og víðar í Langadal.

24. Framlagðir voru eptirfylgjandi reikningar og skjöl frá búnaðarskólanum á Hólum.
   a. Prentuð skólaskýrsla fyrir 1889—90.
   b. Endurrit af fundargjörðum stjórnarnefndarinnar 6. og 7. nóvbr, 1890 og 26. og 27. jan. 1891, og af fundargjörðum hinnar nýju stjórnarnefndar 21.—25. maí 1891.
   c. Endurrit af framhaldsúrskurði amtsráðsins um skólareikninginn 1887—88 með áritun stjórnarnefndarinnar.
   d. Endurrit af úrskurðum amtsráðsins um skólareikninginn 1888—89, með áritun stjórnarnefndarinnar.
   e. Endurrit af úrskurðum amtsráðsins um reikning skólabúsins 1888—89 með áritun stjórnarnefndarinnar um fullnustu úrskurðanna.
   f. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans 1889—90 með fylgiskjölum, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum reikningshaldara.
   g. Reikningur skólahúsins 1889-90, með fylgiskjölum, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðartillögum stjórnarnefndarinnar.
   h. Reikningur Hólakirkju 1888—89, með athugasemd endurskoðenda og svari reikningshaldara.
   i. Reikningur Hólakirkju 1889—90 með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðartillögum stjórnarnefndarinnar.
   k. Skrá yfir herbergjaskipun í hinu fyrirhugaða skólahúsi, ásamt uppdrætti af því.
   l. Reikningur búnaðarskólans fyrir 1890—91 án fylgiskjala.

   Amtsráðið yfirfór skjöl þessi og úrskurðaði reikningana stafl. f—i.

Út af fyrirspurn frá stjórnarnefnd skólans um það hvort sængurlega kvenna yrði heimfærð undir 23. gr. tilsk. 26. jan. 1866, um vinnuhjú á Íslandi, sjerílagi þegar konan væri óljett við byrjun vistarársins, ljet amtsráðið í ljósi það álit sitt, að þegar gipt kona ætti í hlut, væri það sjálfsagt að færi um sængurlegu hennar eptir nefndri lagagrein.

Amtsráðið var stjórnarnefndinni samdóma um það, að eigi væri þörf á, að ráðið

gæfi út erindisbrjef handa stjórnarnefndinni, þar sem ákvarðanir um verksvið hennar voru teknar upp í hina nýju reglugjörð skólans. 106

Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hafði verið því meðmælt, að skólabúið framvegis verzlaði í kaupfjelagi Skagfirðinga og sendi sauði til sölu á Englandi fyrir eigin reikning, en sýslunefndin í Húnavatnssýslu verið því mótfallin, að lifandi peningur væri sendur til útlanda til sölu þar uppá ábyrgð skólabúsins. Amtsráðið var sýslunefndinni í Húnavatnssýslu samdóma um þetta mál og ályktaði, að það skyldi bannað að búið hefði slíka sauðasölu eða hrossasölu um hönd, en ekkert væri því til fyrirstöðu að það að öðru leyti tæki þátt í pöntunarfjelagi til þess að fá sem bezt og ódýrust kaup.

Amtsráðið fjellst á þá ályktun stjórnarnefndarinnar, að eptirleiðis yrðu hafðir 2 undirkennarar við skólann.

Forseti framlagði brjef landshöfðingja 21. ágúst 1890, þar sem hann samkvæmt tillögum amtsráðsins leyfir, að frestað verði að ákveða hvort heldur Norður-Þingeyarsýsla skuli taka þátt í búnaðarskólanum á Hólum eða búnaðarskólanum á Eiðum, þangað til sýslunefndin í nefndri sýslu samkvæmt lögum 11. júlí 1890, um nokkrar breytingar á tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi o. fl., hefði kosið um hvort heldur sýslufjelag þetta skyldi vera partur úr norðuramtinu eða austuramtinu. Nú hefur sýslunefndin í Norður-Þingeyarsýlu á fundi sínum 15.—16. apríl þ. á. kosið að vera með austuramtinu, en hvað hluttöku í öðrum hvorum búnaðarskólanum snertir, kom fram alveg samskonar álit hennar eins og í fyrra (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 16.—18. júní 1890, Stjtíð 1890. B, bls. 111), og vill nefndin hafa búnaðarskóla eða fyrirmyndarbú út af fyrir sig. Forseti skýrði frá, að hann með brjefi, dags. 8. f. m., hefði skýrt landshöfðingja frá málavöxtum, en beðið hann að fresta að gera út um málið þangað til komið væri álit sýslunefndanna í Múlasýslunum, sem samstundis væri leitað; ennfremur hafði forseti skýrt stjórnarnefnd Hólaskólans frá þessu, sem í brjefi 30 f. m., sem var framlagt, hafði lýst því yfir, að hún áliti það eðlilegast og hagkvæmast, að Norður-Þingeyarsýsla tæki þátt í búnaðarskólastofnun Austfirðinga.

Amtsráðið ræddi þetta mál aptur og gat ekki í neinu breytt tillögum sínum um það frá í fyrra, og vildi leggja það til við landshöfðingja, að hann skipaði svo fyrir, að Norður-Þingeyarsýsla tæki þátt í búnaðarskólahaldinu á Eyðum, og að hluti sýslunnar í búnaðarskólasjóði yrði lagður til skólans þar og hið árlega búnaðarskólagjald. Þetta gjald nemur um 57 kr. á ári, en sýslan átti í sjóði við síðustu árslok 1398 kr. 50 a., og er því ekki vel hugsanlegt, að hún geti komið upp búnaðarstofnun fyrir jafnlítið fje, heldur yrði hún að taka lán, sem yrði sýslufjelaginu mjög þungbært, ef ekki ofvaxið. Ef svo ólíklega skyldi fara, að sýslunefndirnar í Múlasýslunum eigi vildu taka Norður-Þingeyjarsýslu í fjelag við sig um búnaðarskóla, væri ekki annað fyrir, en að sameina þessa sýslu við norðuramtið um búnaðarskólahaldið á Hólum.

25. Framlögð voru eptirnefnd skjöl og reikningar viðvíkjandi Eyðaskóla.

a. Skilríki fyrir því, að fullnægt væri úrskurði amtsráðsins á skólareikningnum 1885—86.

106 b. Skýrsla um kennsluna á skólanum og verklegar framkvæmdir á skólaárinu 1889—90, og skýrsla um einkunnir við burtfararprófið 1890.

c. Reikningar fyrir 1889-90 um efnahag skólans ásamt athugasemdum endurskoðenda.

Amtsráðið yfirfór reikninga þessa og ályktaði að heimta ýmsar upplýsingar þeim viðvíkjandi áður en það leggði á þá úrskurð sinn.

26. Framlögð voru eptirnefnd eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfirfarin:

a. Frá Húnavatnssýslu fundargjörðir frá 3.—7. febr. þ. á.

Amtsráðið samþykkti að sýslunefndin hafði jafnað niður 1050 kr. 90 a. sýslusjóðsgjaldi í stað 992 kr. 51 e: sem niður mátti jafna í mesta lagi.

b. Frá Skagafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 11.—14. marz þ. á.

c. Frá Eyjafjarðarsýslu fundargjörðir 11.—14. marz þ. á.

d. Frá Suður-Þingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 18.—20. marz þ. á.

Sýslumaður hafði að vísu haldið þenna aðalfund sýslunefndarinnar í marz samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 16.—18. júní 1890 (Stjtíð. 1890 B., bls. 118) og brjefi þess 3. júlí 1890, en forseti ráðsins hafði samt eigi meðtekið frá sýslumanninum fyr en 3. maí hið fyrgreinda endurrit af gjörðabók nefndarinnar. Þar sem póstur hafði farið um Þingeyjarsýslu í byrjun aprílmánaðar, fann amtsráðið ástæðu til að brýna fyrir sýslumanni, að gæta þess vandlega eptirleiðis, sem honum er gert að skyldu í 37. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og skyldi einnig senda forseta ráðsins sýslusjóðsreikninginn og sýsluvegasjóðsreikninginn með næsta pósti eptir fundarhald sýslunefndarinnar, og svo fljótt sem auðið væri aðrar afgreiðslur til ráðsins, er stöfuðu af ályktunum og gjörðum sýslunefndarinnar.

e. Frá Norður-Þingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 15.—16. apríl þ. á.

Þrátt fyrir framangreinda ályktun amtsráðsins 16.—18. júní f. á. hafði sýslumaður eigi haldið fundinn fyr en í apríl, og ályktaði því amtsráðið að brýna fyrir sýslunefndinni að halda sýslunefndarfundi í marz, og svo tímanlega, að endurrit af fundargjörðunum ásamt sýslureikningum yrði sent forseta fyrst í apríl. Ef þessu eigi yrði hlýtt hafði amtsráðið eigi önnur ráð, en að koma fram ábyrgð gegn sýslumanni.

f. Frá Norður-Múlasýslu, fundargjörðir frá 11. júní 1890 og 19. marz þ. á.

Út af því, að sýslunefndin hafði ákveðið, að láta nú í vor gera að stuttum vegarkafla af fjallveginum yfir Vestdalsheiði fyrir neðan Vestdalsbrekkur, sem væri orðinn orðinn alveg ófær, uppá væntanlegt endurgjald úr landssjóði, hafði amtmaður skrifað sýslumanni 20. apríl þ. á. og í samhljóðun við brjef sitt 20. desbr. f. á. tjáð sýslumanni, að hann eða sýslslunefndin mætti að vísu láta smávegis aðgerðir framframa á aðalpóstvegum og fjallvegum, sem ekki væru sýsluvegir, þegar bráðasta nauðsyn væri til þess, vegna þess að vegur hefði orðið fyrir stórskemmdum, eða hætta væri að fara um hann, en ef um eiginlegar vegagjörðir eða stórvægilegar vegabætur væri að ræða, annaðhvort á aðalpóstvegum eða fjallvegum, sem ekki væru sýsluvegir, útgengju allar hjeraðlútandi ráðstafanir frá landshöfðingja eptir tillögum amtsráða (sýslunefnda) og vegfróðs

Framh.

Skýrsla 106

um aðalfund amtsráðsins í norður- og austuramtinu 3.—6. júní 1891. (Framh.)

manns samkvæmt 3. gr. laga 10. nóvbr. 1887, um vegi. Áætlun yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins fyrir árið 1891 virðist eigi vera með felldu. Kostnaður er áætlaður alls 1920 kr. en tekjur 360 kr. 11 a. í sjóði, og gjald hreppanna 828 kr. 65 a., alls 1188 kr. 76 a. Hallinn ætlar svo sýslunefndin jafnist með hundaskattinum, en það er aðgætandi, að þessi skattur rennur í sveitarsjóðina, en alls ekki í sýslusjóð, sbr. lög 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl., og er það allt annað mál, að sýslumaðar getur tekið sýslusjóðsgjald hreppanna af hundaskattinum, að því leyti, sem hann til hrekkur, en afganginum skal hann skila hreppasjóðunum.

g. Frá Suður-Múlasýslu fundargjörðir frá 17. septbr. 1890 og 4. maí 1891.

Sýslumaður hafði, að líkindum fyrir hönd sýslunefndarinnar, farið þess á leit, að amtsráðið vildi samþykkja, að jafna mætti niður 1657 kr. 43. aur. sýslusjóðsgjaldi eða $21\frac{1}{2}$ eyr. á hvert hundrað, sem fer langt fram úr því, sem jafna mátti niður. Amtsráðið samþykkti þetta eptir kringumstæðunum, en tillagan hefði átt að koma frá sýslunefndinni sjálfri, sem eigi sjest að hafi gert nokkra ályktun um að leita þessa samþykkis.

Amtsráðið fól forseta sínum að leita upplýsinga um hvernig á því stæði, að 500 kr. væru ætlaðar til lögferjunnar á Egilstöðum og Hvammi, sem virðist æði mikið.

Að því leyti, sem sýslunefndin hafði gjört ályktun um hvernig verja skyldi því fje, sem eptir var í sjóði frá 1890 af þeim helmingi sýsluvegagjaldsins, sem gengi til aðalpóstvega, og þeim helmingnum af sýslavegagjaldinu fyrir 1891, er gengi til aðalpóstleiðarinnar, þá vildi amtsráðið leiða athygli nefndarinnar að því, að allar ráðstafanir, er snerta aðalpóstvegi, útganga frá landshöfðingja, en annað mál væri það, að sýslunefndir og amtsráð kæmu fram með tillögur sínar hjer að lútandi. Forseti skýrði frá að hann hefði skrifað landshöfðingja hjer að lútandi, 16. maí f. á. í samhljóðun við óskir sýslunefndarinnar, og fjellst amtsráðið á það.

Aðalfundur sýslunefndarinnar hafði eigi verið haldinn fyrr en 4. maí, þrátt fyrir það að amtsráðið hafði svo fyrirskipað á fundi sínum 16.—18. júní þ. á., að sýslumaður skyldi halda fundinn eigi seinna en í marz. Amtsráðið vildi því enn einusinni brýna þetta fyrir sýslumanni, en ef það eigi hjálpaði væri ekki annað fyrir hendi en að koma fram ábyrgð gegn honum.

27. Framlagðir voru eptirnefndir sýslusjóðsreikningar fyrir árið 1890,

a. Úr Húnavatnssýslu.
b. — Skagafjarðarsýslu,
c. Eyjafjarðarsýslu,
d. Suður-Þingeyjarsýslu,
e. Norður-Þingeyjarsýslu,
f. Norður-Múlasýslu,
g. Suður-Múlasýslu.

Við reikninginn úr Suður-Þingeyjarsýslu fannst að athuga, að 4. og 5. fylgi-

16. dag septembermán. 1891.

Reykjavík. Prentsmiðja Ísafoldar 1891.

106 skjalið ber það með sjer, að sýslunefndin hefur haldið aukafund 13. septbr. 1890, en endurrit úr gjörðabókinni viðvíkjandi þessu fundarhaldi var eigi komið til forseta amtsráðsins; ráðið ljet í ljósi óánægju sína yfir þessu, og ályktaði að sýslumaður skyldi tafarlaust senda forseta endurritið.

Athugasemdir endurskoðenda sýslunefndarinnar við reikninginn úr Suður-Múlasýslu úrskurðaði amtsráðið á þá leið, að eign sjóðsins skyldi talin 478 kr. 43 a. í stað 460 kr. 49 a. eins og í reikningnum stendur.

Að öðru leyti fann amtsráðið ekkert að athuga við ofannefnda sýslusjóðsreikninga og samþykkti þá.

28. Framlagðir voru til rannsóknar og úrskurðar eptirnefndir sýsluvegasjóðsreikningar:

1. Úr Húnavatnssýslu.
2. — Skagafjarðarsýslu.

Við þessa reikninga fannst ekkert að athuga og voru þeir samþykktir.

3. Úr Eyjafjarðarsýslu.

Amtsráðið úrskurðaði reikninginn á þessa leið:

Vantalið vegabótagjald úr Glæsibæjarhrepp og Vallahrepp, 50 aur. úr hvorum hreppnum, alls 1 kr., ber að færa til inntekta í næsta reikningi.

Sömuleiðis ber að færa til inntekta í næsta reikningi 102 kr., sem borgaðar hafa verið úr sjóðnum fyrir aðgjörð á aðalpóstveginum frá Krókeyri að Gilsferju, en þessi upphæð hefur verið endurborguð úr landssjóði, auk 10 kr., sem síðar er upplýst að eigi gengu til aðgjörðar á aðalpóstveginum, heldur til brúargjörðar á öðrum stað, og skulu því landssjóði endurborgast þessar 10 kr., sem má færa til endilegra útgjalda í sýsluvegasjóðsreikningnum.

Aðalskýrslu um sýsluvegagjörðir á árinu vantaði og sömuleiðis matsgjörðir og vottorð valinkunnra manna um framkvæmdar vegagjörðir; hafði forseti lagt fyrir sýslumann að bæta úr þessu.

4. Úr Suður-Þingeyjarsýslu.

Forseti hafði gjört nokkrar athugasemdir við reikning þenna, sem kom svo seint frá sýslumanni, að eigi var tími til að fá svör reikningshaldara við athugasemdirnar fyrir fundinn, og fól amtsráðið forseta sínum að úrskurða reikninginn þegar svörin væru komin.

5. Úr Norður-Þingeyjarsýslu.

Við þenna reikning fannst ekkert að athuga.

6. Norður-Múlasýslu.

Vottorð tveggja óviðkomandi valinkunnra manna um vegagjörðir í Tunguhrepp og Loðmundarfjarðarhrepp vantar, og sömuleiðis matsgjörð á vegagjörð í Hjaltastaðahrepp, og ber sýslumanni að útvega skjöl þessi og senda þau forseta amtsráðsins. Að öðru leyti fannst ekkert að athuga við reikninginn.

7. Úr Suður-Múlasýslu.

Fyrir vegabót á Hólmahálsi eru vangreiddir 50 aur., svo sjóðurinn við árslok 1890 er rjett talinn 121 kr. 83 a. í stað 122 kr. 33 a. og skal þetta leiðrjett í næsta reikningi. Að öðru leyti var reikningurinn samþykktur.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var því fundi slitið.

p. t. Reykjavík, 8. dag. ágústm. 1891.

J. Havsteen.